# Rigerðir, ódagsett

Bjarni Benediktsson – Menntaskólinn í Reykjavík – Stílar - Ritgerðir

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Uppvaxtar- og námsár
Askja 1-1, Örk 7

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bjarni Benediktsson. 6. bekk.

# THE EMPIRE



# COMPOSITION BOOK

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reykjavík.

Reykjavík stendur á ~~milli~~ tveim hæðum, og í kvos milli þeirra. Í kvosinni eru helstu húsin. Þessi steinhús eru stærst, Alþingishúsið, dómkirjan, stjórnarráðshúsið, pósthúsið, safnhúsið, Íslandsbanki, og Natans og Olsens hús, það mun vera stærsta húsið í Reykjavík. Fyrir framan stjórnarráðshúsið eru standmyndir af Jóni Sigurðssyni, og Kristjáni 9. Danakonungi. Í safnhúsinu eru þrjú söfn, landsbókasafn, náttúrugripa safn, og forngripasafn, og í Alþingishúsinu er málverkasafn. Í smiðum er listasafn Einars Jónssonar. Svo eru helstu timbur-húsin ~~eru~~, barnaskólinn, fríkirjan, hotel Ísland, og Landakotsspítala hús. Flestar fjölförnustu göturnar eru steinlagðar.

Höfnina er dýpkuð, og hlaðnir garðar er hafa verið til skjóls og svo fylt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

upp hjá landi, svo komast skip alveg upp
að þessari uppfyllingu, og flýtir það mjög
fyrir afgreiðslu skipa.
Í Reykjavík er bústaður ráðherra og
landsstjórnar margra annara embættismanna.
Íbúar eru um 16 þúsund.

Bjarni Benediktsson.

## Ísland

Ísland liggur nyrst í Atlantshafi,
og nyrsti tangi landsins snertir Norður-
íshafið, hann heitir Rifstangi.
Ísland er stór eyja, mjög vogskorin,
nema á suðurströndinni,
en þar eru engir firðir. Helstu
firðir eru, Faxaflói, Breiðafjörður
og Ísafjörður, að vestan. Húnaflói,
Skagafjörður, Eyjafjörður, Skjálfandi,
Axarfjörður og Þistilfjörður
að norðan. Héraðsflói, Seyðisfjörður



og Reyðarfjörður, að austan. Skeiðará
Þessar ár falla helstar suður; Kúðafljót,
Markarfljót, Þjórsá, og Ölvesá. Vestur:
Hvítá í Borgarfirði. Norður: Blanda,
Héraðsvötn, Eyjafjarðará, Skjálfanda-
fljót, og Jökulsá á Fjöllum, hún mun vera
lengsta á á Íslandi. Austur: Jökulsá á
Brú og Lagarfljót.
Þessi vötn eru helst: Þingvallavatn
og Mývatn.
Ísland er mestalt hálendi, og eru
jöklar á hæstu fjöllum. Þessir jöklar
eru helstir: Vatnajökull og úr honum
ganga margir minni jöklar, helstur
þeirra er Öræfajökull, sem er hæsta
fjall á landinu, hann er 6241. fet á
hæð. Hofsjökull, Langjökull, Eiríksjökull,
Mýrdalsjökull og Eyjafjallajökull. Í Mýr-
dalsjökli er Kötlugjá sem hefir gosið
mjög oft. Hekla er nafnkent eldfjall.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Víða er jarðhiti mikill á Íslandi og heitar uppsprettur sem kallast laugar ~~eða~~ og hverir. Helstur af hverum er Geysir, og er hann kunnur um allan heim. Helstu laugar eru Laugarnar við Reykjavík. Helstu bæir eru: Reykjavík, ~~Akureyri~~ Ísafjörður, Akureyri, Seyðisfjörður. Helstu atvinnuvegir eru landbúnaður og fiskiveiðar. Á Íslandi er þingbundin konungsstjórn og er Dana konungur líka konungur Íslands. Þingmenn eru 40 (og eru 3 ráðherrar)

Æðsta stjórn landsins er í höndum þriggja ráðherra.

Bjarni Benediktsson.

Ferðasaga.

Einusinni fór ég til Þingvalla með pabba og mömmu og bræðrum mínum. Lögðum við á stað um miðjan dag og fórum ~~við~~ í bíl við. Fyrst gekk ~~alt~~ okkur fremur vel. En þegar við áttum eftir góðan spöl, fór annað hjólið á stein og brotnaði öxullinn, svo ~~annað~~ það hjólið var rétt að segja farið undan. Og urðum við þá að ganga það sem eftir var. Í leiðinni fórum við til Kárastaða og fyrir það urðum við tölvert lengur. Um nóttina gistum við í Valhöll.

Svo fórum við og skoðuðum fossinn í ~~Kárá~~ Öxará, og margt fleira og skemti ég mér mjög vel. Svo fórum við til Skógarkots og ~~viltust~~ viltumst við dálítið á leiðinni, en komumst samt á endanum. Þar stönsuðum við dálítið, og keyptum okkur mjólk. Svo var okkur ~~fla~~ fylgt aftur skemri leið til baka.

Við lögðum svo á ~~stað~~ stað til Reykjavíkur seint um kveld. Í sömu ferðinni sem við fórum austur í Ölfus kom ~~Jekk og~~ okkur ferðin vel. ~~Og~~ Og þótti mér mjög ~~gaman~~ skemtilegt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að sjá Ljósin á

skipunum á höfnini í Reykjavik. Svo komum við ~~til~~ ~~h~~ heim, kl. 10-11 um kvöldið.

Bjarni Benediktsson





© Borgarskjalasafn Reykjavíkur